

KORNIÐ

Fréttabréf Akurskóla • 7. árgangur • 4. tölublað • desember 2011

Börn eru gleðigjafar, skapandi og fróðleiksbús



Karólína tekur hér við verðlauninum úr hendi forsetans. Á myndinni til vinstri fagnar hún verðlauninum með nemendum Akurskóla.

Karólína hlaut íslensku menntaverðlaunin 2011

Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, veitir á hverju ári íslensku menntaverðlaunin. Að þessu sinni hlaut Karólína Einarsdóttir myndmenntakennari í Akurskóla verðlaunin. Karólína hlaut verðlaun í flokknum Ungt fólk sem hefur við upphaf kennsluferils síns sýnt hæfileika og lagt alúð við starf sitt. Karólína er vel að verðlauninum komin en hún hefur m.a. verið ein helsta driffjöður okkar í uppbyggingu útikennslusvæðisins við Narfakotsseylu ásamt þeim Önnu Sofíu Wahlström og Magnúsi V. Pálssyni.

Nemendur og starfsfólk Akurskóla tóku vel á móti Karólínu á sal skólans eftir að hún hlaut verðlaunin og færðu henni hamingjuóskir. Í ávarpi Jónínu skólustjóra kom fram að við værum öll þakklát og stolt af að hafa fengið að starfa með Karólínu og notið krafta hennar í þágu skólans. Hún sagði ennfreður að þessi verðlaun væru mikilvæg fyrir kennarastéttina sem allt of oft fengi að heyra hvað betur mætti fara frekar en hrós fyrir vel unnin störf. Í ávarpi sínu þakkaði Jónína forseta vorum, Ólafi Ragnari Grímssyni, fyrir að vekja athygli á því sem vel væri

gert og að skapa þannig jákvæða umræðu um skólastarf í landinu. Í þakkarorðum sínum benti Karólína á að við ættum stóran þátt í að skapa það umhverfi sem við hræðumst í. Það skipti öllu máli að við værum stöðugt að leitast við að gera betur, sæjum tækifæri en ekki hindranir og verkefni en ekki vandamál. Að lokum þakkaði Karólína því góða fólki sem hefði haft áhrif á hana, kennurum Menntavísindasviðs Háskóla Íslands, samstarfsfólki og nemendum í Akurskóla og á leikskólunum Holti og Akri í Reykjanesbæ.

**Jólafrí Akurskóla hefst miðvikudaginn 21. desember.
Kennsla hefst aftur eftir jólafrí miðvikudaginn 4. janúar.**

*Við óskum öllum nemendum, starfsfólki og fjölskyldum þeirra
gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.*

Starfsmenn Akurskóla



Narfakotsseylan tekin í notkun 1. desember



Mikið var um að vera á útikennslusvæðinu í Narfakotsseylu að morgni fullveldisdagsins 1. desember. Farin var blysför frá skólanum að svæðinu. Hópuðust þangað allir nemendur og starfsfólk Akurskóla, ásamt leikskólanemum frá Holti og Akri, til að taka lagið, fagna fullveldinu og vígja svæðið með formlegum hætti. Var athöfnin afar vel heppnuð. Dína stýrði fjöldasöng við góðar undirtektir rúmlega 500 nemenda sem þarna voru saman komnir. Magnús, myndmenntakennari og verkefnisstjóri, og Guðmundur Hrafn landslagsarkitekt héldu stuttar ræður. Að athöfn lokinni var flöskuskeytum með skilaboðum frá nemendum fleytt á haf út.



SKÓLAHREYSTI 2012

Núna í nóvember fór fram úrtaksmót fyrir Skólahreysti 2012. Undankeppnin sjálf fer fram í mars þar sem Akurskóli mætir skólum á Reykjanesi og keppir um að komast í lokakeppnina sem fram fer í apríl eða maí.

Þessi undankeppni er í boði fyrir nemendur í 8. – 10. bekk en aðeins nemendur í 9. og 10. bekk eru gjaldgeng til þátttöku í Skólahreysti. Nemendur í 8. bekk fá því að taka þátt í undankeppninni til þess að undirbúa sig fyrir næstu ár.

Í Skólahreystihóp Akurskóla hafa verið valdir sextán nemendur sem

allir fá æfingaáætlun þar sem þau þeir eru hvött hvattir til að æfa sig á hverjum degi ásamt því að vera duglegir heima við aukaæfingar.

Stúlkur:

Aníta Ösp Ingólfssdóttir
Berglind Björgvinsdóttir
Sóley Þrastardóttir
Magnea Guðný Stefánsdóttir
Tinna Ýr Jónsdóttir
Laufey Soffía Pétursdóttir
Gréta Kristín Sveinbjörnsdóttir

Drengir:

Alexander Haukur Erlingsson
Eiður Geir Vilhelmsson
Arnar Ingi Jónsson
Þorsteinn Vestmann Þorsteins
Sævar Freyr Arnarsson
Einar Logi Guðmundsson
Bjarki Snær Smáráson



LJÓÐAAKUR

Haldið var upp á dag íslenskrar tungu í Akurskóla þann 16. nóv. sl. og þreyttu nemendur alls kyns verkefni í tengslum við daginn. Í kjölfarið var hrundið af stað ljóðasamkeppni sem bar yfirskriftina LJÓÐAAKUR. Nemendur úr 2.-10. bekk tóku jafnan þátt og var virkilega gaman að

lesa ljóð nemenda. Sum ljóðanna voru ort í anda gömlu skáldanna, með ljóðstöfum og rími, á meðan önnur voru mjög myndræn en án ríms og hefðar.

Verðlaunaafhending fór fram á sal Akurskóla þann 2. desember sl. Tvenn verðlaun voru veitt fyrir ljóð sem skáru sig úr á hverju aldursstigi

og var oft erfitt að velja á milli. Dómnefnd skipuðu: Hrefna Tómasar, Magnea Ólafsdóttir og Sóley Margeirsdóttir. Dómnefndin var á einu máli um að hvetja skuli til ljóðasamkeppni árlega og skapa þar með ákveðna ljóðahefð þar sem nemendur notast við okkar ylhýra móðurmál eða eins og Kristín

Marja Baldursdóttir, rithöfundur, orðaði svo skemmtilega í viðtali þann 16. nóv. sl.: „Fólkið sem leikur alla daga á hljóðfærið sem ber heitið íslensk tunga hefur líka smám saman áttað sig á því að þetta er engin venjuleg skólafiðla sem það leikur á, þetta er Stradivarius.“

2.-3. BEKKUR:

Bangsalandið mitt

Í bangsalandi leika bangsar sér.
Hoppa skoppa og sitja og sofa og fara á kreik.
Hús og lækir hraun og fjöll þeir allir hlaupa og skemmta sér.

Dagrún Ragnarsdóttir, Kálfum

Jólahugleiðingar Gabríels Arnar

Jólin eru falleg
þau eru fannhvít.
Jólasveinninn kemur
og börnin verða glöð.
Svoleiðis eru jól
síðan kemur vorið
vorið er ágætt því þá hlýnar.
En við skulum halda áfram í vetrinum.
Á jólnum á að hafa frið
allir eiga að vera heima við
borða góðan jólamat
sem mamma setur á fat.
En það halda ekki allir jól
og margir hafa ekki öruggt skjól.

Gabriel Örn Steinarsson, Kópum

4.-5. BEKKUR:

Lífum í kærleika

Jesú Kristur með kraftinn er
og guðlega orku handa mér
svo megí ég í kærleik, einingu
frelsi og gleði lífa.

*Hermann Nökkvi Gunnarsson,
Hnúfubökum*

Heimur

Heimurinn er fallegur
Heimurinn er blár
Heimurinn er dýrmætur
Heimurinn heldur okkur á lífi
Í heiminum eru blóm og þau eru falleg
Ef heimurinn er sár þá ert þú sár
Náttúran er mikils virði fyrir þig
Ef náttúran er ekki til þá ert þú ekki til.

*Kristófer Orri Magnússon,
Háhyrningum*

6.-7. BEKKUR:

Litla rósín

Ég víst lítil rós er,
og ekkert fer.
Ég ekkert nafn ber,
það hver maður sér.

Eydís Ósk Kolbeinsdóttir, Kríum

Jólakvöld

Í kvöld verður gaman.
Þá koma blessuð jólin.
Og allir koma saman.
Þá fer ég í jólakjólinn.

Núna við borðum mat.
Og eftir hann ég þakka.
Ég borðaði á mig gat.
Svo opnum við jólapakka.

Mig byrjar núna að dreyma.
Því skal ég lofa.
Mig dreymir um jólasveina.
Sem eru í fjöllum og sofa.

Birta Rós Hreiðarsdóttir, Kríum

8.-9. BEKKUR:

Ísland

Ísland flott og fagurt er
furðuland að kalla.
Sólin hringi sína fer
og skín á Fjalla-skalla.
Fossar og jöklar finnast þar
og firnagnótt af fjöllum.
Vatnið flæðir víðast hvar
og vökvar blóm hjá öllum.

Þórdís Anja Ragnarsdóttir, Tjöldum

Tilfinningar

Ég er föst í rússíþana tilverunnar,
parísarhjólí lífsins og fallturni
ástarinnar,
flækt í tilfinningum, allt í móðu.
Veturinn nálgast, allt svo grátt
en samt er eitthvað sem heldur mér gangandi,
en ég stefni hátt,
ég held mér hangandi.
Það verður steinn á vegi mínum og
lítil möl
sem skilur eftir ör.
Það birtir til,
en er þetta það sem ég vil?
Áfram geng ég þessa leið,
áfram alla leið
þetta er langur gangur
en ég sver þann eið
að líta ekki aftur.

Sóley Ösp Sverrisdóttir, Pröstum



Ég og þú, þú og ég námskeið hjá 1.-3. bekk

Sú hefð að bjóða nemendum ásamt foreldrum á námskeið nýtur mikilla vinsælda. Á haustönn var boðið upp á námskeiðið „Ég og þú, þú og ég, við tvö saman“ fyrir nemendur yngsta stigs og foreldra þeirra. Þátttaka var geysilega góð og það voru brosandí börn sem mættu tilbúin til að skapa og vinna fjölbreytt verkefni í góðra vina hópi. Í ár var boðið upp á sex mismunandi stöðvar. Þar mátti sjá börn og foreldra spreyta sig á ýmsum skemmtilegum verkefnum eins og óróa- og skjaldbökgugerð,

skemmtilegum spilum og kertastjakagerð en vinsælasta námskeiðið að þessu sinni var án efa skreytingar á múffum og komust færri að en vildu. Meginmarkmiðið með námskeiðunum er að gefa börnum og foreldrum tækifæri á að koma saman og mynda tengsl og vonum við að þetta jákvæða verkefni verði fastur liður í skólastarfinu um ókomin ár. Undirbúningur námskeiðanna að þessu sinni var algjörlega í höndum foreldra. Við viljum þakkaínu, Halldóru og

Ingu Birnu fyrir þeirra óeigingjarna starf og einnig þeim foreldrum og starfsmönnum sem leiðbeindu verkefnunum. Nú þegar eru komnar fram hugmyndir að samskonar námskeiðum fyrir nemendur miðstigs og foreldra þeirra sem verða í boði eftir áramót. Ef einhverjir hafa áhuga á að bjóða fram krafta sína við undirbúning eða námskeiðahald þá vinsamlegast sendið tölvupóst á netfangið akurskoli@akurskoli.is eða hafið samband við ritara skólans.



**Gleðileg jóla
kæru vinir!**



Vinnudagar með fræðslustjóra

Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri tóku þátt í tveggja daga vinnuferð með fræðslustjóra Reykjanesbæjar og skólastjórnendum á Suðurnesjum í byrjun nóvember. Þessa daga kynntu stjórnendur hver fyrir öðrum helstu áherslur í skólastarfinu og ýmis verkefni sem að þeirra mati hafa stuðlað að bættum námsárangri nemenda.

Mikil gróska er í skólastarfi á Suðurnesjum og mörg áhugaverð

og árangursrík þróunarverkefni hafa verið í gangi í grunnskólum svæðisins undanfarnin ár.

Í lok vinnudaganna var ákveðið að auka formlegt samstarf kennara, millistjórnenda og stjórnendateyma grunnskólanna á Suðurnesjum með það að markmiði að bæta skólastarfið og auka námsárangur nemenda. Fræðsluskrifstofa Reykjanesbæjar mun styðja við verkefnið.

SAMRÆMD KÖNNUNARPRÓF


Samræmd könnunarpróf eru lögð fyrir alla grunnskólanemendur í 4., 7. og 10. bekk í upphafi skólaárs. Prófað er í íslensku og stærðfræði í 4., 7. og 10. bekk, auk ensku í 10. bekk.

Í reglugerð nr. 435/2009 um fyrirkomulag samræmdra könnunarprófa í grunnskóla segir: Tilgangur samræmdra könnunarprófa er að:


a. athuga eftir því sem kostur er, að hvaða marki námsmarkmiðum aðalnámskrár í viðkomandi námsgrein eða námsþáttum hafi verið náð,
b. vera leiðbeinandi um áherslur í kennslu fyrir einstaka nemendur,
c. veita nemendum, foreldrum og skólum upplýsingar um námsárangur og námsstöðu nemenda,
d. veita upplýsingar um hvernig skólar standa í þeim námsgreinum sem prófað er úr, miðað við aðra skóla landsins.

Meðfylgjandi súlurit sýna grunnskólaeinkunn nemenda í Akurskóla í íslensku og stærðfræði frá upphafi skólstarfs í skólanum. Grunnskólaeinkunn fylgir normaldreifingu og hefur hún meðaltal 30 og staðalfrávik 10. Þetta þýðir að á landsvísi er meðaltal í hverri námsgrein ávallt 30. Þegar horft er á meðaltal skóla má meta út frá

landsviðmiðinu 30 hvernig nemendur þar hafa staðið sig miðað við alla nemendur á landinu öllu.




Eins og sjá má hefur grunnskólaeinkunn Akurskóla í íslensku í öllum mælingum verið nokkuð frá landsmeðaltalinu 30. Á prófunum í haust var normaldreifð grunnskólaeinkunn 4. bekkjar 26,54, 7. bekkjar 25,12 og grunnskólaeinkunn 10. bekkjar var 24,76.



Grunnskólaeinkunn Akurskóla í stærðfræði er einnig í öllum mælingum undir landsmeðaltalinu 30. Á prófunum í september 2011 var normaldreifð grunnskólaeinkunn 4. bekkjar 27,00, 7. bekkjar 28,9

og grunnskólaeinkunn 10. bekkjar í stærðfræði var 25,68.

Súluritið hér fyrir neðan sýnir allar grunnskólaeinkunnir nemenda sem fæddir eru 1996 þ.e.a.s nemenda sem eru í 10. bekk á þessu skólaári. Þetta er fyrsti hópurinn sem nær að taka samræmd könnunarpróf í Akurskóla í 4. 7. og 10. bekk.



Eins og fram kom í upphafi er samræmdu könnunarprófunum m.a. ætlað að vera leiðbeinandi um kennslu fyrir einstaka nemendur. Þegar niðurstöður samræmdra prófa liggja fyrir hafa kennarar undir höndum upplýsingar sem nýtast þeim við skipulag kennslunnar. Mikilvægt er að rýna vel í þessi gögn og nota upplýsingarnar til þess að vinna markvisst með einstaklinga og námshópa. Þannig stuðlum við að bættum námsárangri hjá hverjum og einum.



Skólinn og nemendur faðmaðir

Í tilefni af alþjóðlega eineltisdeginum þann 8. nóvember héldum við vinaviku í Akurskóla þar sem áhersla var lögð á samkennd og jákvæð samskipti innan skólans. Það myndaðist skemmtileg stemning þegar allir nemendur og starfsmenn skólans tóku höndum saman, mynduðu vinakeðju og tóku utan um skólann sinn. Að því loknu mátti sjá hvern bekk á fætur öðrum mynda hópfaðmlög um skólalóðina. Þetta var einstaklega fallegur og skemmtilegur viðburður sem mun án efa festa sig í sessi innan skólans.

SKAPANDI SKÓLASTARF

Í haust hafa kennarar Akurskóla notið leiðsagnar Lilju M. Jónsdóttur, lektors í kennslufræðum við Menntavísindasvið Háskóla Íslands, í verkefni sem kallast Frjótt og skapandi skólastarf. Markmið verkefnisins er að auka hæfni kennara til að samþætta



Lilja M. Jónsdóttir

inntak og innihald námsgreina með þemanámi á öllum aldurstigum sem samræmist áherslum Aðalnámskrá grunnskóla. Hér má lesa um nokkur viðfangsefni haustsins og er það samdóma álit kennara og nemenda að vel hafi tekist til.

1. bekkur - Grunnform í umhverfinu

Í lok september unnu nemendur í 1. bekk skemmtilegt verkefni þar sem íslenska, stærðfræði og náttúrufræði var samþætt í eitt stórt útikennsluverkefni. Í þessu verkefni var bókin „Komdu og skoðaðu umhverfið“ notuð sem kveikja en þar er fjallað um margs konar form og muninn á manngerðum og náttúruformum. Í framhaldinu voru rökkubbar kynntir til leiks en þeir eru notaðir í stærðfræði. Farið var í ýmsa leiki með þá til að nemendur gætu tileinkað sér hugtökin í kringum kubbana s.s. þunnur, þykkur, sexhyrningur, ferhyrningur o. fl. Í íslensku voru hugtakakort kynnt fyrir nemendum um leið og hugtök um form voru skoðuð.

Í náttúrufræðitíma var farið í gönguferð með myndavélar að útikennslusvæðinu. Nemendur fengu þau fyrirmæli að þeir ættu að horfa vel í kringum sig og taka eftir formum í umhverfinu og láta kennarana vita og þá væri tekin mynd af forminu. Ótrúlega mörg form fundust á



þessari stuttu leið og voru nemendur mjög lunknir að finna form, bæði manngerð og náttúrugræð.

Útbúin var myndasýning þar sem hver mynd var skoðuð vandlega og síðan var rætt um öll form sem þar voru. Einnig var farið leik þar sem nemendur áttu að gefa til kynna um hvers konar form væri að ræða. Þegar farið var að rýna í myndirnar komu mörg önnur form í ljós t.d. að á hringlaga niðurfallsloki mátti finna þrjú önnur form, ferninga, þríhyrninga og náttúrugert form þ.e. laufblað.



2. - 3. bekkur - Tré

Í upphafi skólaársins var unnið með bókina Tré eftir Jón Guðmundsson. Samþætting námsgreina var viðhöfð í íslensku, stærðfræði, náttúrufræði og samfélagsfræði. Unnin voru margskonar verkefni bæði innan skólans og utan. Í upphafi var bókin skoðuð og spáð í innihald hennar, verkefni kynnt fyrir nemendum sem síðar voru unnin og sett saman í vinnubók. Verkefnin sem unnin voru:

- Gerð trjáa í kringum skólann könnuð, ásamt því tína laufblöð og annan gróður, upplýsingar voru settar í súlurit. Laufblöð skoðuð í víðsjá.
- Unnið var með uppbyggingu trjáa, rót, stofn og krónu.
- Nemendur völdu sér árstíðir til að skrifa um.
- Ljód um gróður voru samin. Gaman var að finna áhuga nemenda á verkefninu og sjá afrakstur þess.

4. - 5. bekkur - Ísland

Í lok haustannar áttu nemendur og kennarar í 4.-5. bekk Akurskóla góðar stundir saman í þemavinnu sem bar yfirskriftina Ísland. Nemendur höfðu verið að læra um Ísland í kennslubókinni *Ísland, veröld til að njóta* frá upphafi skólaárs en bókin er aðallega ætluð til kennslu í landafræði á miðstigi grunnskóla. Efni kennslubókarinnar skiptist á bekkina fjóra og fékk hver tvo landshluta til umfjöllunar og kynningar fyrir hina bekkina. Gaman var að fylgjast með heimildaleit



nemenda en hún fór m.a. fram á veraldarvefnum, í bókum, hjá foreldrum, starfsfólki og kennurum skólans. Nemendum voru gefnar nokkuð frjálsar hendur en flestir gerðu veggspjöld eða kynningu í tölvu og þá annað hvort glærusýningu eða myndbandssýningu. Ánægjulegt var að sjá hversu sjálfstæð og frumleg vinnubrögð nemendur sýndu. Í Akurskóla er lögð áhersla á skapandi skólastarf og sést afraksturinn af þeirri hugsjón vel á þemadögum sem þessum er nemendur fá að sýna frumkvæði, ábyrgð og sjálfstæði í verkefnum sem lögð eru fyrir þá. Nemendur í Höfrungum, Háhyrningum, Hnúfubökum og Hnísnum mega vera stoltir af vinnu sinni og árangri í verkefnum haustannar. Þess má



geta að 4.-5. bekkur vinnur nú á aðventunni þemavinnu um jólin og á nýju ári verður ráðist í nýtt verkefni þar sem nemendur kynnst lífnaðarháttum eins og þau voru um aldamótin 1900.

6. - 7. bekkur - Stöðug samþætting allt árið

Hjá 6. og 7. bekk er lögð rík áhersla á samþættingu námsgreina. Sífelld er unnið að því að auka tengingu á milli námsgreina og að flétta þemavinnu inni námsefnið í öllum greinum.

Þemaverkefni eru unnin allan veturinn en þá gefst gott tækifæri til að brjóta upp hefðbundna kennslu með skemmtilegum og áhugaverðum verkefnum. Með því að brjóta starfið þannig upp og flétta þema við námsefnið þá vekur það oft upp meiri áhuga á námsefninu.

Einnig er leitast við að samþætta námsgreinar eins og hægt er í stað þess að vera með aðgreind og stöðluð verkefni. Upplýsingatækni er notuð til að vinna verkefni í öllum greinum. Þannig læra nemendur á ýmis forrit eins og Power Point og Movie Maker þar sem nemendur útbúa m.a.



kynningu í landafræði og myndbönd í tungumálakennslunni. Nemendur skila ýmsum íslenskuverkefnum á tölvutæku formi eins og ljóðum, ritun, ritgerðum, hugtakakortum og kynningarbæklingum. Þannig læra þau ritvinnslu í tölvu sem og að vinna með forritið Publisher.

Nemendur í Stapakoti eru duglegir að kynna verkefni sín og eru því sífelld að æfa framsögn með kynningum og upplestri. Einnig er unnið á margvíslegan hátt í stærðfræði t.d. með því að tengja stærðfræðilegar teikningar og útreikninga inn í námsefnið þar sem það á við.

8. - 9. bekkur - Hringekja

Samþætting náms er mörgum hugleikin en samþætting gengur út á það að tvinnna saman mismunandi námsgreinar innan sama verkefnis, ef svo mætti að orði komast.

Nemendur í 8.-9. bekk fengu að kynnast stöðvavinnu eða svokallaðri hringekju sem varði í átta vikur. Verkefnið gekk út á átta námsstöðvar þar sem áhersla var lögð á íslensku og samfélagsfræði. Um var að ræða

átta stöðvar: Lestrarstöð, lesskilning, ljóð, sóknarskrift, krossgátur, ritun, orð af orði og spilastöð. Nemendur leystu mismunandi verkefni á hverri stöð er reyndu jafnframt á ólíka færniþætti. Nemendur héldu síðan til haga vinnumöppu sem þeir skiluðu til umsjónarkennara en þessi mappa innhélt öll þau verkefni sem hver og einn nemandi leysti.

Sérgreinar

Sérgreinakennarar í Akurskóla (þ.e. myndmennt, smíði og textíl) leggja áherslu á samþættingu milli greina og eru nokkur skemmtileg samvinnuverkefni í gangi í vetur:

- 2.-3. bekkur gerir fuglaverkefni í þessum þremur smiðjum.
- 4.-5. bekkur vinnur að leikbrúðugerð.
- 6.-7. bekkur vinnur að hönnun draumaherbergis í þrívíðu formi sem samanlagt mun mynda skemmtilegt fjölbýli.

10. bekkur - Íslendingasögur

Segja má að fastur liður í skólastarfi sé að lesa og kynnast Íslendingasögum. Í haust hafa Ernir lesið Kjalnesinga sögu í íslenskutímum og unnið með söguþráð hennar og söguvið. Eitt verkefni sem nemendur unnu var að setja söguna í myndrænan búning en hver hópur fékk afhenta lykilmálgrein úr einum kafla sögunnar sem límd var á veggspjald og síðan mynd teiknuð í samræmi við textann. Ernir sýndu afar góð tilþrif og gaman var að sjá hversu



ákveðin og rösk þau gengu til verks. Afraksturinn var síðan hengdur upp á vegg á gangi skólans þar sem allir

gátu lesið textabrot úr Kjalnesinga sögu og notið glæsilegra mynda nemenda.



Komdu og skoðaðu hafið

Undanfarnar vikur hafa krakkarnir í 2. og 3. bekk verið að vinna með „hafið og fjöruna“. Kópar bjuggu til haf í rýminu sínu og í það settu þau fullt af hvölum, fiskum, kröbbum, skip, kafara og skipsflak. Krakkarnir hafa líka verið að afla sér upplýsinga um helstu fiskitegundir sem veiðast á Íslandsmiðum eins og þorsk, ýsu, ufsa, lúðu og síld. Þau eru langt komin með að búa til fiskabók með upplýsingum og teikningum um þessa

fiska. Eins og sjá má á myndunum eru krakkarnir niðursokknir í vinnu sína og ánægð með vel unnið verk.



Áhugaljósmyndari í Akurskóla

Ólafur Andri Magnússon sem er nemandi í 9. bekk er afkastamikill áhugaljósmyndari. Hann hefur haft áhuga á ljósmyndum frá því hann var 7 ára og hefur mest gaman af því að taka náttúru- og dýralífsmyndir. Ólafur Andri keypti sjálfur myndavélina sem hann notar en það er Canon EOS 1100d. Sumar myndirnar fá að njóta sín óbreyttar en stundum breytir Ólafur Andri þeim í myndvinnsluforriti og gaman er að sjá útkomuna úr því. Þess má geta að Ólafur Andri hefur einnig mikinn áhuga á kvikmyndagerð og tók hann m.a. þátt í Forvarnardeginum með því að búa til mynd sem hann nefnir Best án vímuefna.



Vel heppnuð Reykjaferð 7. bekkjar

7. bekkur í Akurskóla fór í skólabúðir á Reykjum 21.-25. nóvember. Á Reykjum var mjög gaman. Þar eru fjórar byggingar og heita þær Bjarnaborg, Ólafshús, Grund og svo er þar íþróttahús. Kvöldvökur voru í íþróttahúsinu á hverju kvöldi sem voru rosalega skemmtilegar. Á daginn var okkur skipt í hópa sem gerðu ýmsu verkefni, leiki, þrautir o.fl. Einn hópurinn fór t.d. á Byggðasafnið í Vermannaleiki, hlustaði á hákarlasögur og smakkaði hákarl. Annar hópur fór í fjármálafræðslu, þriðji í náttúrufræðikennslu o.s.frv. Við fengum líka frjálstan tíma á hverjum degi og þá fundum við okkur eitthvað skemmtilegt að gera t.d. að spila borðtennis, þythokki eða önnur spil í Bjarnaborg. Við fórum

líka í feluleik í myrkrinu og notuðum vasaljós. Eitt kvöldið fundum við mús við útidyrnar og settum hana í stóra plastdöllu og skoðuðum hana aðeins. Síðasti dagurinn var einna skemmtilegastur en þá var valfrjálst eftir hádegi og þá var hægt að velja um ýmislegt t.d. borðtenniskeppni og föndur. Lokakvöldið var líka mjög sérstakt þar sem við tókum þátt í hárgreiðslukeppni þar sem stelpurnar áttu að greiða strákunum. Eftir úrslitin var stutt kvöldvaka sem lauk með diskói. Við erum þakklát fyrir að hafa fengið tækifæri á að upplifa þessa skemmtilegu daga á Reykjum og mælum með að 7. bekkur haldi áfram að fara í skólabúðirnar næstu árin. Takk fyrir okkur. Nemendur í 7. bekk Akurskóla.



Í Akurskóla er starfandi foreldrafélag FFA sem foreldrar verða sjálfkrafa félagar í þegar börn þeirra hefja nám við skólann.



Frá stjórn FFA

Þá er haustönnin senn á enda og vill stjórn Foreldrafélags Akurskóla færa öllum þeim sem komu að foreldrastarfinu þakkir fyrir þá óeigingjörnu vinnu sem þeir gáfu í þágu nemenda, foreldra og skólastarfsins alls. Samstarf foreldra og skóla skiptir miklu máli þar sem sýnt hefur verið fram á þau jákvæðu áhrif sem samstarfið leiðir af sér. Má þar nefna betri líðan barna í skólanum, aukinn áhuga á og betri námsárangur, aukið sjálfstraust nemenda, betri ástundun og minna brottfall og jákvæð viðhorf nemenda og foreldra til skólans. Við, foreldrar barna í Akurskóla, verðum sjálfkrafa meðlimir foreldrafélagsins er börnin okkar eru nemendur skólans. Ábyrgðin er því hjá okkur öllum hvað varðar að efla og styrkja samstarf heimilis og skóla.

Þessa önnina hélt stjórn FFA fræðslukvöld um einelti. Viljum við þakka starfsfólki Akurskóla fyrir þeirra framlag á þessu kvöldi. Þátttaka foreldra var góð en hefði mátt vera betri miðað við að bekkjarfulltrúar hringdu í nær alla foreldra Akurskólabarna og minntu á fræðslukvöldið.

Stjórn FFA er þakklát þeim sjálfboðaliðum og kennurum sem stóðu að skipulagi og utanumhaldi á Ég og þú, þú og ég, við tvö saman námskeiðinu. Það leynist mikil vinna á bak við kvöldstundir sem þessar og færum við sérstakar þakkir til þeirra sem gáfu tíma sinn og vinnu sem gerði það að verkum að námskeiðið var í boði þessa önnina. Von er um að fleiri sjálfboðaliðar taki þátt við skipulagningu eftir áramót þegar Ég og þú, þú og ég, við tvö saman verður í boði fyrir 4.-7. bekk.

Bekkjarfulltrúar eiga hrós skilið fyrir þá aðstoð sem þeir hafa veitt með úthringingum til foreldra vegna fræðslukvölds en einnig viljum við þakka þeim fyrir góða mætingu á bekkjarfulltrúafundina í september sl. Að lokum þökkum við bekkjarfulltrúum og foreldrum nemenda í 6.-7. bekk sem stóðu að skipulagningu og vinnu við laufabrauðsgerðina í ár.

Með jóla- og aðventukveðju,
Stjórn FFA

Fræðslukvöld FFA um einelti

Þann 18. október sl. stóð FFA fyrir fræðslukvöldi um einelti á sal skólans. Framsögumenn fundarins voru þau Lovísa Hafsteinsdóttir, námsráðgjafi og meðlimur í eineltisteymi Akurskóla, og Þorlákur H. Helgason framkvæmdastjóri Olweusarverkefnisins á Íslandi. Lovísa kynnti eineltisáætlun skólans og fór ítarlega yfir vinnulag eineltisteymisins. Þorlákur fór síðan yfir helstu birtingarmyndir eineltis, viðbrögð skóla þegar slík mál koma upp og hlutverk foreldra. Hann fór vel yfir eineltisáætlun Olweusar þar sem lögð er áhersla á að stefnan sé ætíð heildstæð og eingöngu til þess fallin að fyrirbyggja einelti. Heildstæð stefna merkir að starfsmenn skóla, nemendur og foreldrar eru meðvitaðir um áætlunina, þekkja eðli eineltis og bregðast við um leið og slík mál koma upp. Nemendur þjálfast frá upphafi í að bera virðingu fyrir samnemendum sínum, taka skýra afstöðu gegn einelti og taka ekki þátt í því. Foreldrar styðja við skólann og vinnuna sem þar fer fram og leggja sig fram um að fylgjast með sínum börnum, bæði líðan þeirra og hegðun. Allt nærsamfélagið tekur höndum saman gegn einelti en eins og kunnugt er fara bestu forvarnirnar oftast en ekki fram heima við eða í nærsamfélaginu. Þorlákur benti á að Olweusarverkefnið bæri árangur ef verkefninu væri vel sinnt og því fylgt eftir. Vert er að nefna að þetta er eina eineltisverkefnið sem hefur mælanlega niðurstöðu á Norðurlöndum. Framsögumenn svöruðu fyrirspurnum í lokin og góðar umræður sköpuðust um skólastarf, einelti og viðbrögð gegn því. Fundargestir fóru um margt fróðari heim enda býr Þorlákur yfir mikilli þekkingu á þessu sviði.



Vinaregnbogi Akurskóla

Í tilefni af eineltisviku 6. – 12. nóvember sl. var útbúinn vinaregnbogi sem staðsettur er í sal Akurskóla. Allir nemendur og starfsmenn skólans klipptu út handarfar sitt úr marglitum pappír og límdu í regnbogann. Uppbygging regnbogans er þannig að 1. bekkur er grunnurinn og svo kemur hver árgangur í sínum lit ofan á hann. Hugsunin er sú að eldri börnin vaki yfir þeim yngri en ysta lag regnbogans er ætlað kennurum og starfsmönnum skólans sem vaka yfir öllum nemendum. Allir eru mikilvægir og þegar við komum saman getum við gert stórkostlega hluti.



Bekkjarkvöld nemenda

Mikil gróska hefur verið í bekkjarstarfinu í haust, bekkjarfulltrúar og kennarar hafa staðið að bekkjarkvöldum eða annarskonar samveru fyrir nemendur og foreldra þeirra. Þess má geta að betur hefur tekist en oft áður að fá foreldra til þess að mæta með börnunum og er það góð þróun. Alltaf má brydda upp á nýjum hugmyndum en það er líka gott fá hugmyndir frá öðrum sérstaklega ef vel hefur tekist til. Nú á aðventunni hefur verið vinsælt að bjóða upp á piparkökuskreytingar og jólaföndur og einnig hefur krökkunum verið boðið upp á að koma saman og horfa á jólamynd. Ýmislegt hefur verið í boði á bekkjarkvöldunum það sem af er skólaárinu eins og bingó, spil, leikir, pizzugerð, leikrit, skemmtiatriði og

hrekjavaka. Bekkjarfulltrúar Arna þ.e. nemenda 10. bekkjar buðu upp á morgunstundir á laugardögum fyrir samræmdu könnunarprófin og aðstoðuðu nemendur við heimanámið. Foreldrar nemenda í 7. bekk og 10. bekk hafa staðið fyrir fjáröflum vegna skólaferða og nú er hafin fjáröflun hjá 6. bekk vegna væntanlegrar Reykjaferðar að ári. Þess má geta að nemendur okkar í 10. bekk fóru í sína fyrstu vísindaferð nú í haust en til stendur að bjóða upp á fleiri slíkar ferðir í vetur. Á nýju ári verður öllum 9. og 10. bekkungum á Suðurnesjum og jafnvel ungmennum úr Fjölbautaskóla Suðurnesja boðið upp starfskynningar þessar kynningar eru hluti af þróunarverkefni um eflingu menntunar á Suðurnesjum.

Hár- og hárskrauts-sýning í desember

Þann 19. desember nk. Kl.

13 verður haldin hár og hárskrauts-sýning í sal Akurskóla. Nemendur í 8. – 10. bekk sem hafa verið í vali í haust sem ber yfirskriftina Hár og list ætla að sýna nokkrar hárgreiðslur og hárskraut sem þau hafa búið til úr m.a. gallabuxum, nælon sokkum og öðru endurnýtanlegu efni. Á sýningunni verður einnig skart sem nemendurnir hafa búið til úr pappír sem og glæsilegur fatnaður hannaður úr svörtum plastpokum. Allir eru velkomnir á sýninguna.



Góð jólastemning á laufabrauðsgerð FFA



Góð jólastemning var í laufabrauðsgerð FFA í lok nóvember og jólaandinn sveif yfir borðum. Um hundrað nemendur og foreldrar mættu og skáru listilega út laufabrauðskökur við ilmandi steikingaranga. Kaffihlaðborð 6. bekkinga svignaði undan krásam sem gerð voru góð skil en ágóðinn rennur í ferðasjóð vegna Reykjaferðar á næsta ári.



Vísindaferð 10. bekkjar í HÍ

Þann 2. desember lögðu Ernir af stað í sína fyrstu vísindaferð. Leiðin lá í Háskóla Íslands þar sem Björn Gíslason, verkefnastjóri markaðs- og samskiptasviðs skólans, tók á móti þeim af miklum myndarbrag.

Tilgangur ferðarinnar er hluti af tilraunaverkefni foreldra barna í 10. bekk sem lýtur að því að færa framtíðarsýn þeirra handan við framhaldsskóla í þeirri von að svona heimsókn sái frækorni og víkki sjóndeildarhring ungmennanna þegar val á framhaldsnámi og menntun er ákveðin.

Ernir fengu góða kynningu á sögu Háskólans en m.a. mátti heyra að fyrsta skólastofan var staðsett í Alþingishúsinu við Austurvöll og að fyrsti nemendahópurinn fyrir 100 árum samanstóð af einni konu og 39 karlmönnum. Aðalbygging Háskólans var síðan vígð árið 1940 en þessi fallega bygging var reist á fjórum árum.

Að lokinni göngu um aðalbygginguna tók Dagný Ósk Aradóttir við hópnum og kynnti ýmsa möguleika í námi, sýndi skemmtilegt myndband með viðtölum við íslenska vísindamenn og sagði frá framboði í háskóla unga fólksins sem stendur 13 – 16 ára nemendum til boða í eina viku í júní ár hvert.

Næst var staldrað við í Hámu, matsal háskólastúdenta, sem staðsett er á Háskólatorginu. Háskólatorgið sameinar miðstöð og tengingu stúdenta við aðrar byggingar á svæðinu t.d. eru undirgöng út í Gimli og létt að fara á milli í hvaða veðri sem er.

Síðasti viðkomustaður var heimsókn í verkfræði- og raunvísinda-deildina en þar tók Ingi Rafn Ólafsson á móti hópnum. Ernir fengu að sjá afar skemmtilega tilraun þar sem litir regnbogans voru skapaðir með nokkrum dropum af dularfullri efnaformúlu. Einnig fengu þeir að sjá hvernig straumar vatns myndast og burðarþolsmódel svo fátt eitt sé nefnt.

Þessi ferð verður um margt minnistæð, ekki síst fyrir þær sakir að Ernir er fyrsti 10. bekkurinn í sögu skólans sem óskað hefur eftir svona kynningu. Móttaka starfsmanna Háskólans var frábær í alla staði og án efa var fræjum sáð í huga margra, fræjum sem vonandi festa rætur eða staðfesta hvert hugur Arna leitar í framtíðinni.



Ég heiti **Jana María Guðmundsdóttir** og kenni hönnun og smíði.

Ég er fædd og uppalin í Keflavík og er yngst af systkinum mínum. Þegar ég var barn prófaði ég að æfa allar íþróttir nema sund. Það var þó mislengi sem ég staldraði við í hverri íþrótt fyrir sig en karfan stóð að lokum upp úr hjá mér. Á tímabili spilaði ég með þremur aldursflokkum og vann marga Íslands- og bikarmeistaratitla. Tvisvar var ég valin í unglingalandsliðið og fór með þeim til Wales og Belfast.

Ég vissi snemma hvað ég ætlaði að læra þegar ég yrði stór. Hárgreiðslumeistari skyldi það vera og klippti ég t.d. vinkonu mína þegar við vorum í 8. bekk (sem er 9. bekkur núna). Ég kláraði sveinsprófið, vann í nokkur ár og fór síðan í meistaraskólann og útskrifaðist þaðan árið 1999. Eftir það opnaði ég hárgreiðslustofuna Carino ásamt vinkonu minni.

Ég á þrjár dætur sem eru 3ja, 9 og 13 ára. Þegar miðju stelpan mín var 10 mánaða fékk ég bráðahvítblæði og var mikið veik. Þá ákvað ég að skipta um starfsvettvang og ákvað að læra að verða grunnskólakennari því mér finnst gaman að kenna öðrum og líkar vel að vinna með nemendum á öllum aldri. Einnig finnst mér kennarastarfið vera fjölskylduvænt starf og kunna dætur mínar vel að meta það. Á lokaárinu mínu í Kennó eignaðist ég svo litla kraftaverka stelpuna mína.

Ég er ákaflega ánægð með starfið hér í Akurskóla því bæði nemendur og samstarfsmenn mínir eru frábærir ;o)

Áfram Akurskóli!

Kær kveðja, Jana smíðakennari

KORNIÐ
Fréttabréf Akurskóla

Ritstjóri: Guðný Ester Aðalsteinsdóttir
Ábyrgðarmaður: Jónína Ágústsdóttir
Útlitshönnun: Magnús Valur Pálsson
www.akurskoli.is

Sendið okkur efnishugmyndir eða myndir á: gudny.adalsteinsdottir@akurskoli.is